

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Biskupstungnahrepps 2000 - 2012, Haukadalur III (golfvöllur), Bláskógabyggð.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 9. júlí 2003 staðfest breytingu á aðalskipulagi Biskupstungnahrepps 2000-2012 frá 22. nóvember 2001.

Breytingin felst í því að hluti svæðis sem nú er skilgreint sem blönduð landnotkun íbúðarsvæðis, verslunar- og þjónustusvæðis og opins svæðis til sérstakra nota við Geysi í Haukadal breytist í opið svæði til sérstakra nota fyrir golfvöll. Ennfremur minnkar frístunda- byggðarsvæði vestan Geysis vegna golfvallarins og einnig að litlu leyti landbúnaðarsvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Bláskógabyggðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 9. júlí 2003.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.